Gelmottur
– Fersk flutningsleið
Til að viðhalda kælingu ferskra matvæla meðan á flutningi stendur

Minni flutningskostnaður
Einfaldar í notkun
Mikil varmarýmd
Engin aukaefni

ísgel
Efstubraut 2 Blönduósi Sími 451 2727
www.isgel.is isgel@isgel.is
Veljum íslenskt

VESTURLAND

7. tölublað
8. árgangur

— 31. OKTÓBER 2019 —

NÝTT SJÚKRAHÚS Á KJALARNESI? *bls. 2*

Skagamaður í fremstu röð fíknilækna

Víðir Sigrúnarson er fæddur og ólst upp á Akranesi. Hann starfar í dag sem geðlæknir á sjúkrahúsi SÁÁ á Vogi. Sjálfur kom Víðir fyrst á Vog 1992 en þá allslaus og brotinn til að leita sér meðferðar. Nú er hann sérfræðingur í geðlækningum og lýkur á næstunni doktorsgráðu í þeim fræðum. Víðir segir sögu sína í ítarlegu opnuviðtali í Vesturlandi og ræðir grafalvarlega stöðu í vímuefnavanda þjóðarinnar.

Vilja ekki grásleppukvóta

VAKNING OG VILJI

Vandi í fjölbraut

SÁÁ hugleiðir að byggja nýtt sjúkrahús á Kjalarnesi

Stjórnendur SÁÁ samtakanna skoða nú þann möguleika að reist verði nýtt sjúkrahús í stað Vogs sem stendur við Grafarvog í Reykjavík. Nýja sjúkrahúsið yrði í landi Víkur á Kjalarnesi. Þar hefur verið rekin eftirmeðferðarstöð um margra ára skeið. Fyrir um nokkrum árum síðan var þar ráðist í miklar endurbætur og nýbygging reist sem tók við hlutverki Staðarfells í Dölum.

Nýja sjúkrahúsið í Vík yrði alls 10.000 fermetrar að flatarmáli. Því yrði skipt í tvær álmur á tveimur hæðum. Álmurnar yrðu kynjaskiptar og með sér aðgöngum fyrir karla og konur.

„Við stöndum frammi fyrir ákveðnum áskorunum og þurfum að fara að huga að því hvernig við ætlum að haga þessum málum í framtíðinni. Það eru miklir biðlistar hjá fólki sem þarf að komast í meðferð. Sjúkrahúsið Vogur við Stórhöfða 45 í Reykjavík er svolítið barn síns tíma. Það er erfitt að uppfylla allar nútíma kröfur þar varðandi öryggi og aðbúnað bæði fyrir starfsfólk og sjúklinga," segir Arnþór Jónsson formaður SÁÁ.

Arnþór bendir á að SÁÁ-samtökin eigi Víkurlandið á Kjalarnesi. Þar sé nægt pláss. „Á Stórhöfða er þegar farið að þrengjast um okkur. Nýjustu áform um að byggja upp í Keldnalandinu hafa líka í för með sér að Stórhöfðagatan verður færð til. Hún á að liggja enn nær sjúkrahúsinu en nú er. Með því að reisa nýtt sjúkrahús í Vík yrði líka horft til þeirrar framtíðar að Sundabrautin verði lögð. Þá verða öll sjúkra- og eftirmeðferðarhúsakynni SÁÁ við alfaraleið og stuttan veg að fara frá Reykjavík og öðrum heilbrigðisstofnunum þar svo sem Háskólasjúkrahúsinu."

Að sögn Arnþórs byggja hugmyndirnar á því að fasteignin sem er Vogur í dag yrði seld. „Svo væri hægt að fara í þjóðarátak með fjársöfnun fyrir nýtt sjúkrahús. Ákveðin forsenda er svo að ríkið geri við okkur þjónustusamninga. Húsakosturinn yrði eins og verið hefur til þessa alfarið byggður og fjármagnaður af SÁÁ og í eigu samtakanna."

Aðspurður segir Arnþór að hugmyndir séu ekki enn komnar svo langt að segja megi til um hversu mörg sjúkrarými yrðu á nýja sjúkrahúsinu. „Vogur tekur nú um 60 manns á hverjum tíma þegar mest er. Kannski yrðu þarna plass fyrir 90 rými en það á eftir að greina þetta allt betur. Sem stendur eru þessar hugmyndir á byrjunarstigi."

Arnþór Jónsson formaður SÁÁ staddur í nýjustu húsakynnunum í Vík. Ljósm.: Spessi.

Horft úr lofti yfir staðsetningu bygginga í Vík samkvæmt þeim frumdrögum sem nú liggja fyrir. Þau hús sem þegar er búið að byggja eru hægra megin á myndinni. Nýja sjúkrahúsið með tveimur álmum er til vinstri.

Séð yfir í átt til norðurs. Nýju sjúkrahússbyggingarnar með bílastæðum næst en fjær er núverandi eftirmeðferðarstöð í Vík.

Bæjarstjórn ályktar um FVA

Bæjarstjórn Akraness samþykkti svohljóðandi ályktun á fundi sínum þann 22. október síðastliðinn:

„Bæjarstjórnin á Akranesi lýsir þungum áhyggjum yfir stöðu mála í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Ljóst er að mikil óánægja ríkir innan skólans og að allir starfsmenn eru í slæmri stöðu, jafnt stjórnendur sem kennarar og aðrir starfsmenn. Bæjarstjórn skorar á yfirvöld menntamála að grípa nú þegar til nauðsynlegra aðgerða svo að sátt skapist innan starfsmannahópsins. Nauðsynlegt er að Fjölbrautaskóli Vesturlands fái gegnt sínu meginhlutverki, sem er að vera mikilvæg menntastofnun og máttarstólpi fyrir samfélagið á Akranesi og Vesturlandi öllu."

Uppnám er í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi eftir að kennarar lýstu vantrausti á skólameistara.

dk Pos afgreiðslukerfi
fyrir verslun og þjónustu

Afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslukerfi

Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.
Við erum sérfræðingar í afgreiðslukerfum.

2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

VR Fyrirtæki ársins 2019

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

dk hugbúnaður

Arfaslakt laxveiðisumar að baki

Heildarfjöldi laxa sem veiddust á stöng nú í sumar leið var um 28.800 fiskar. Þetta reyndist sjöunda minnsta veiði frá árinu 1974 og sú minnsta frá árinu 2000. Aflabresturinn varð mestur á vestanverðu landinu. Þetta kemur fram í samantekt Hafrannsóknastofnunar.

Veiðin 2019 var um 16.500 löxum minni en hún var 2018. Í tölum um heildarlaxveiði eru taldir villtir laxar, laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangveiði (veitt og sleppt).

Með versta móti

Laxar úr gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu ánna og þegar veitt er og sleppt í stangveiði veiðast sumir fiskar oftar en einu sinni. Þegar litið er til veiða á villtum laxi eingöngu (ekki úr seiðasleppingum), að teknu tilliti til endurveiddra laxa, er líklegt að heildarstangveiðin árið 2019 hefði orðið um 20.000 laxar, sem væri minnsta stangveiði villtra laxa frá því farið var að skrá veiði í rafrænan gagnagrunn.

Laxveiði minnkaði í öllum landshlutum nema á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Sumarið 2019 einkenndist öðru fremur af miklum og fordæmalausum þurrkum allt sumarið sem gerði aðstæður til veiða afar erfiðar, einkum í dragám á vestanverðu landinu sem eru mjög háðar úrkomu yfir sumarið.

Slakur árgangur

Hafrannsóknastofnun segir á vef sínum að vísbendingar séu um að minni laxgengd á Vesturlandi megi að hluta til rekja til lítils hrygningarárgangs 2014. „Sá árgangur hefur mælst liðfár í seiðamælingum, auk þess sem vorið 2018 var þar fremur kalt og votviðrasamt sem hafði neikvæð áhrif á seiðagöngur til sjávar. “ Einnig er tilgreint að afkoma laxa í sjó skipti miklu máli varðandi endurheimtur og „vísbendingar eru um að endurheimtur hafi verið með lægsta móti 2019 a.m.k. á Vesturlandi en nákvæmar upplýsingar um þann þátt liggja ekki fyrir enn sem komið er.”

Líklega náttúrleg sveifla

Óðinn Sigþórsson í Einarsnesi er fyrrverandi formaður Landssambands veiðifélaga og formaður Veiðfélagsins Hvítár í Borgarfirði. Hann segist ekki eiga von á því að skammtímaafleiðingar af lélegu laxveiðisumri verði neinar. „Fiskurinn sem við eigum von á næsta sumar er í hafi og umhverfisaðstæður voru jákvæðar þegar hann hélt til sjávar. Hins vegar er það spurning hvaða afleiðingar verða fyrir seiðafjölda í ánum eftir liðið sumar. Árnar voru þurra ár og vatnslitlar. Mér skilst þó samkvæmt seiðarannsóknum nú í haust að þetta hafi sloppið þokkalega til.”

Að sögn Óðins er laxveiðin í sumar sennilega hluti af náttúrlegum sveiflum. „Það má ekki draga of miklar ályktanir af þessu.” Aðspurður á hann ekki von á því að léleg veiði hafi áhrif á samskipti leigutaka ánna og veiðiréttareigenda þegar kemur að verðsamningum. „Veiðimenn vita að þeir geta átt von á lélegri og góðri veiði. Ef niðursveiflan yrði svona í einhvern lengri tíma, kannski tvö til þrjú ár, þá hefði það áhrif eðli málsins samkvæmt,” segir Óðinn Sigþórsson.

Laxá í Kjós í júní sl. Eins og sjá má var áin afar vatnslítil eins og aðrar ár á Vesturlandi enda miklir þurrkar í sumar.



Stangveiði í íslenskum ám frá 1974 til 2019. Veiðinni er skipt í landaðan afla (blátt), veitt og sleppt (grænt) og veiði úr sleppingum gönguseiða (rautt). Tölur frá 2019 eru bráðabirgðatölur. Súlnarit af vef Hafró.



Stangveiði í íslenskum laxveiðiám þegar laxveiði í hafbeitarám er undanskilin og leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum veiða og sleppa. Línurit af vef Hafró.



Veiðin í laxveiðiám á Vesturlandi var afar léleg. Súlnarit af vef Hafró.

LEIÐARI

Fíkniefnafaraldurinn – plága og drepsótt

Lesendur þessa blaðs taka væntanlega eftir því að stór hluti þess tengist þeim málaflokki sem fella má undir hugtakið fíkn. Greint er frá hugmyndum um nýtt sjúkrahús SÁÁ á Kjalarnesi, ítalegt viðtal við Víði Sigrúnarson geðlækni sem sjálfur braust undan oki fíknar og hefur byggt sig upp með aðdáunarverðum hætti. Mat Víðis sem sérfræðings á stöðu fíknimála og svo grein Ingu Sæland alþingismanns og formanns Flokks fólksins.

Það er löngu tímabært að þjóðin sameinist um átak í baráttunni við fíknsjúkdóminn og vímuefnin. Eiturlyfin flæða yfir landið og skapa plágu og drepsótt sem aldrei fyrr. Nánast í hverri viku eru smyglarar teknir með fleiri kíló af kókaíni eða lítra af amfetamínbasa til framleiðslu hér innanlands, þúsundir skammta af ópíóðum. Ræktun á kannabisi hér á landi er útbreidd. Síðan er það áfengið. Sumir stjórnmálamenn eiga sér þá göfugu hugsjón að kannabis verði leyft og að áfengi fari í matvöruverslanir. Þetta sjálfselska fólk talar minna um afleiðingarnar; eyðilögð líf, harmleiki, heilsutjón og dauða.

Okkur hefur tekist að draga mjög úr tóbaksreykingum. Umferðar- og sjóslysum hefur fækkað mjög. Ekkert af þessu gerðist af sjálfu sér. Á bak við þetta allt voru ekki síst markvissar og fjölþættar aðgerðir, sameiginlegt átak því það varð vakning í samfélaginu. Við urðum sammála um að reykingar væru heilsuspillandi sóðaskapur. Við fengum nóg af dauðsföllum í umferðinni og á sjó, efldum fræðslu og forvarnir.

Nú er komið að eiturlyfjunum. Við getum ekki sætt okkur við þann fíkniefnavanda sem vindur stöðugt upp á sig og hefur aldrei verið alvarlegri en nú. Biðlistar eftir meðferð hafa aldrei verið lengri, ótímabær dauðsföllin aldrei fleiri. Fólkið sem verður fyrir fíkninni er flestar manneskjur í blóma lífsins eða við það að hefja sína lífsgöngu.

Við þurfum að ráðast á vandamálið frá öllum hliðum. Hefjum þjóðarsöfnun fjármuna. Eflum mjög allar forvarnir og fræðslu. Þetta er gríðarlega mikilvægt. Eyðum biðlistum eftir því að fólk geti leitað sér lækninga og komist í meðferðir, tryggjum að vel sé haldið utan um fólk sem kemur úr meðferð – það hafi þann félagslega stuðning sem þarf: trygg búsetuúrræði, atvinnu, eigi kost á menntun og áfram má telja. Eflum tollgæslu og lögreglu, upprætum eftir megni allt smygl og þá óáran sem fylgir þeirri glæpastarfsemi.

Við höfum úrræði. Þetta er ekki vonlaust verk. Vitanlega munum við aldrei losna alfarið við fíkniefni úr okkar samfélagi. En við getum minnkað skaðann og undið ofan af því óþolandi ástandi sem við búum við í dag.

Magnús Þór Hafsteinsson, ritstjóri.

Í sumar keyptum við
Habasit lagerinn af IBH og
bjóðum nú enn meira úrval
reima en áður.

GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.

Gylfaflöt 3 • 112 Reykjavík • Sími: 567 4467 • gummisteypa@gummisteypa.is • www.gummisteypa.is

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Brunstad hvíldarstóll

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is

Svefnsófar í miklu úrvali.

SITTING VISION
hvíldarstólar

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

GRACE hægindastóll

ORACOL tungusófi

JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

Trillukarlar gegn kvóta á grásleppu

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda (LS) var haldinn 17. og 18. október sl. í Reykjavík. Þar voru lagðar fram nokkrar tillögur um breytt fyrirkomulag grásleppuveiða. Meirihluti svæðisfélaga LS sem létu sér þau mál varða voru andvíg áformum sjávarútvegsráðherra að kvótasetja grásleppu.

Í umræðu sem átti sér stað á aðalfundinum endurspegluðust þessi sjónarmið. Menn sögðu að núverandi veiðifyrirkomulag hefði í stórum dráttum gengið vel. Heildarafli hefði ekki farið fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar frá því árið 2013 þegar stofnunin hóf að gefa út ráðgjöf. Veiðikerfið gæfi tækifæri til nýliðunar, þar sem kostnaður við kaup á leyfi væri sanngjarn m.t.t. að viðkomandi öðlist réttindi til fullrar sóknar. Almennt voru fundarmenn þeirrar skoðunar að lagfæra þyrfti kerfið, hægt yrði að gera hlé á veiðum án þess að skerða veiðidaga.

Þeir sem vildu taka upp aflamark á grásleppuveiðum sögðu að hagkvæmni yrði meiri. Þeir hefðu sjálfval um hvenær þeir tækju kvótann og gætu skipulagt veiðarnar betur varðandi ráðningu á mannskap.

Samþykkt fundarins var afdráttarlaus: „Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda er mótfallinn kvótasetningu á grásleppu.“

Auk þessa samþykkti fundurinn nokkrar tillögur um hvernig bregðast skuli við ef til kvótasetningar kemur.

Lesa má nánar um fundinn á heimasíðu LS (smabatar.is).

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra í ræðustól á aðalfundinum meðan Örn Pálsson framkvæmdastjóri LS festir hann á mynd í farsíma.

Tímamót í öryggismálum fiskiskipa

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ávarpaði í síðust viku ráðherraráðstefnu um öryggi fiskiskipa í Torremolinos á Spáni. Þar undirrituðu um 50 þjóðir samning um að þau hygðust fullgilda Höfðaborgarsamþykktina, alþjóðlegan samning um öryggismál stærri fiskiskipa (24 metra og lengri), sem Ísland hefur í mörg ár þrýst á að verði fullgiltur.

Um mikil tímamót verður að ræða þegar samningurinn öðlast gildi en með yfirlýsingu landanna mun það gerast árið 2022. Ísland skrifaði undir yfirlýsinguna en hafði fullgilt samþykktina árið 2013.

Eftirtektarverður árangur

Sigurður Ingi sagði í ræðu sinni að Ísland hafi verið eitt af fyrstu ríkjum heims til að innleiða alþjóðlegar reglur um öryggi fiskiskipa. Reynslan hafi sýnt að á Íslandi hafi náðst eftirtektarverður árangur sem önnur lönd gætu horft til. Banaslysum á sjó hafi fækkað um 90% á árunum 1970 til 2010, og slysum fækkað úr 203 í 21. Ráðherra hvatti aðrar þjóðir til að fullgilda Höfðaborgarsamþykktina. Ísland hefði borið gæfu til að fara í gegnum síðustu ár án mannskaða á sjó og nefna mætti að engin slík slys hefðu átt sér stað síðustu þrjú og hálft ár. Slíkt væri ómetanlegur árangur á heimsmælikvarða.

Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Alþjóðsiglingamálastofnunina (IMO) og ríkisstjórn Spánar, með stuðningi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og góðgerðarsjóða Pew (e. Pew Charitable Trusts). Yfir 500 fulltrúar hvaðanæva úr heiminum sóttu ráðstefnuna.

Mikilvægur öryggisáfangi

Markmið ráðstefnunnar var að stuðla að fullgildingu Höfðaborgarsamþykktarinnar. Gildistaka hennar mun einnig stuðla að því að hindra útbreiðslu ólögmætra, ótilkynntra og stjórnlausra fiskveiða (IUU fishing) með því að setja alþjóðlega öryggisstaðla fyrir fiskiskip. Ísland fullgilti samþykktina árið 2013. Fyrir ráðstefnuna þurfti í það minnsta 11 aðildarríki IMO til viðbótar að fullgilda samninginn svo hann öðlist gildi alþjóðlega sem hefur átt sér langan aðdraganda.

Yfir 30 ráðherrar víðsvegar að úr heiminum mættu til að fjalla um ávinninginn af því að innleiða samþykktina. Dæmi um slíkan ávinning eru færri banaslys, bætt vinnuskilyrði, minni mengun sjávar, aukin vernd heimskautasvæða, efling fullnustuaðgerða til að berjast gegn ólögmætum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum og loks minni áhætta fyrir þá sem sinna leitar- og björgunarþjónustu.

(Fréttatilkynning)

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra í ræðustól á Spáni.

Led húsnúmer
Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum
• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli

• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer
Einnig hægt að hringa í sími 775 6080

Gerist stofnfélagar í Sturlufélagi

Í maímánuði sl. var stofnað Sturlufélag, en það er félag til að halda á lofti minningum um verk sagnaritarans mikla Sturlu Þórðarsonar.

Í samþykktum Sturlufélagsins segir: „Tilgangur félagsins er að halda á lofti nafni Sturlu Þórðarsonar sagnaritara á Staðarhóli og að heiðra á allan hátt framlag hans til íslenskrar menningar. Félagið hefur samstarf við aðra aðila sem á einhvern hátt tengjast eða geta tengst verkum Sturlu Þórðarsonar. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundum, útgáfustarfsemi, sýningum og öðrum þeim hætti sem er talinn heppilegur til að stuðla að markmiðum félagsins. Þá mun félagið stuðla að stofnun, opnun og starfrækslu minningarreits um Sturlu Þórðarson að Staðarhóli í Dalabyggð.“

Á stofnfundi félagsins í maí voru samþykkt lög fyrir félagið og kosin stjórn þess. Í stjórn voru kosin Bergur Þorgeirsson, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Einar Kristinn Guðfinnsson, Einar Kárason, Guðrún Nordal, Kristján Sturluson og Svavar Gestsson.

Alls gerðust um sextíu einstaklingar stofnendur Sturlufélagsins á stofnfundinum sem haldinn var í Búðardal. Áður hafði fjöldi fólks óskað eftir því að verða með í félaginu á Sturluhátíð í fyrra. Svo var ákveðið á fyrsta stjórnarfundi félagsins að allir þeir sem vilja ganga í félagið á stofnárinu 2019 verði taldir stofnfélagar. Því er þessi hvatning send út nú.

Þau sem áhuga hafa á því að verða stofnfélagar í Sturlufélaginu eru beðnir um að senda nafn heimilisfang og kennitölu á tölvupóstfangið sturla1214@gmail.com.

Tölvupósturinn þarf að berast fyrir áramót.

Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar afhjúpaði við stofnfund Sturlufélagsins í vor söguskiltið við afleggjarann að Hjarðarholti í Dölum. Til naut hún aðstoðar fjögurra stúlkna sem eru nemendur í Auðarskóla í Búðardal.

Dagbjört Elín Ármannsdóttir, nemi í rafvirkjun, og **Helgi Már Valdimarsson** rafiðnfræðingur að störfum.

RAFMENNT er máttur

RAFMENNT – fræðslusetur rafiðnaðarins annast verkefni er varða menntamál rafiðnaðarmanna, allt frá upphafi náms til loka meistaraskóla, og endurmenntun þeirra sömuleiðis.

RAFMENNT varð til árið 2018 við sameiningu Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í því skyni að auka þjónustu við félagsmenn og gera framboð menntunar og fræðslu enn fjölbreyttara og markvissara.

Rafiðnaðarsamband Íslands og ***Samtök rafverktaka*** eiga og reka ***RAFMENNT*** í sameiningu.

RAFMENNT
fræðslusetur rafiðnaðarins

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • rafmennt.is • sími 540 0160

VIÐTAL

Víðir Sigrúnarson:

Skagamaðurinn sem gerðist geðlæknir

Undanfarin tvö ár hefur Víðir Sigrúnarson starfað sem geðlæknir á sjúkrahúsi SÁÁ á Vogi við Grafarvoginn í Reykjavík. Víðir er fæddur og uppalinn á Akranesi. Þaðan fór hann 1992, rétt tæplega 24 ára gamall, að þrotum kominn eftir rótleysi og viðvarandi áfengisneyslu frá unglingsárum. Leið hans lá í meðferð á Vogi. Í framhaldinu breytti hann um umhverfi, hóf nýtt líf, náði bata og er nú að ljúka doktorsgráðu í geðlækningum frá Háskólanum í Þrándheimi. Vesturland ræddi við Víði Sigrúnarson um feril hans og stöðuna í vímuefnamálum Íslendinga í dag.

Víðir Sigrúnarson við vinnustað sinn sem er sjúkrahúsið Vogur í Reykjavík.

Uppruni og æska á Akranesi

Við finnum Víði á vinnustað hans í dag á Vogi. Fyrsta spurningin í viðtalinu snýr að uppruna hans á Akranesi.

„Móðir mín var Sigrún Daníelsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hún var ein af átta systkinum á Akranesi, börn hjónanna Daníels Vigfússonar og Sigrúnar Sigurðardóttur. Systkini hennar voru í aldursröð Gróa sem var elst, Guðrún, Anna, Hrefna, Sigurður, Halldóra og Margeir Rúnar yngstur. Hann var gefinn til ættleiðingar þegar Sigrún amma mín dó úr krabbameini aðeins 32 ára gömul. Besta vinkona ömmu tók hann að sér. Elstu systurnar tóku svo nánast við rekstri heimilisins. Fjögur systkinanna eru á lífi í dag. Það eru báðir bræðurnir, Halldóra og Guðrún," segir Víðir. Í dag á hann stóran hóp skyldmenna á Akranesi.

Víðir segir frá æskuárunum á Akranesi. „Mamma var einstæð móðir með okkur þrjá bræðurna sem fæddumst 1963, 1965 og 1968. Þröstur er matreiðslumaður í dag og elstur, síðan Eðvarð kerfisfræðingur og svo ég yngstur. Við bjuggum á neðri Skaganum sem kallað er, lengst af í húsinu Melstað sem er Melteigur 16B. Það var mikið ævintýri að alast upp þarna. Þetta var nálægt höfninni þar sem alltaf var eitthvað að gerast. Sementsverksmiðjan var ekki langt frá. Svo voru allar fjörurnar. Síðan voru allir í dúfnarækt. Krakkarnir voru með dúfnakofa út um allan bæ. Rétt hjá okkur var Merkurtúnið þar sem allir voru alltaf í fótbolta. Þar við túnið voru svo aðal bækistöðvar bílaflutningafyrirtækisins ÞÞÞ og þeirrar stóru fjölskyldu þar sem voru margir fótboltakappar. Við krakkarnir vorum endalaust í fótbolta á Merkurtúninu; ég og Stína Þórðar, Óli Þórðar, Siggi Jóns og áfram má telja. Ég man meira að segja eftir að hafa spilað fótbolta við Rúnar Júl ofurpoppara á Merkurtúni þar sem hann spilaði í kúrekastígvélum. Það var einhvern tímann eftir tónleika sem hann hafði haldið á Skaganum með hljómsveit sinni Geimsteini," segir Víðir og hlær við endurminninguna.

Flosnaði upp úr námi

Sigrún móðir þeirra bræðra starfaði lengst af á sjúkrahúsinu á Akranesi. „Hún starfaði á lyflækningadeildinni og ellideildinni þar. Á tímabili vann hún svo mikið í Reykjavík og fór þá á milli með Akraborginni."

Víðir hóf skólagöngu sína í Barnaskóla Akraness þar sem nú heitir Brekkubæjarskóli. „Svo byrjaði í ég Fjölbrautaskólanum en það gekk ekki vel. Ég held það hafi skollið á tvö kennaraverkföll þegar ég var að reyna að byrja þar í námi. Þetta varð til þess að ég hætti námi tvisvar sinnum og fór að vinna í fiski í Haferninum, í byggingarvinnu og fleiru tilfallandi. Svo fór ég tvær vertíðar á sjó frá Ólafsvík. Það var mjög skemmtilegt."

Víðir segir að hann hafi eiginlega flosnað upp úr námi fljótlega eftir barnaskólann. „Ég var í árgangi þar sem var gerð tilraun til að láta okkur taka samræmdu prófin á áramótum í níunda bekk sem mun vera tíundi bekkur núna. Við fórum svo upp í fjölbraut eftir það en ég var bara einhverjar örfáar annir. Skólasaga mín var ekki glæsileg til að byrja með. Ég var enginn fyrirmyndar nemandi. Áhugann skorti og svo var ég hreinlega farinn að drekka mikið á þessum aldri."

Hræddist eiturlyfjaneysluna

Það var mikið unglingafyllerí á Akranesi á þessum árum upp úr 1980. Vínið var sótt á pósthúsið eða farið suður með Akraborginni til innkaupa. Um þetta leyti opnaði svo ÁTVR verslun í bænum og bjórinn hélt innreið sína. Skaginn flaut í áfengi fyrir þá sem vildu. „Ég fór að fara á sveitaböllin á Vesturlandi 14 ára; í Kjósina og upp í Borgarfjörð, á Snæfellsnesi og inn í Hvalfjörð. Ég fór á fyrstu útihátíðina 14 ára."

Eiturlyf voru einnig í boði á Akranesi; hass og amfetamín. „Ég slapp hins vegar alveg frá þeim," segir Víðir. „Það sem bjargaði mér var að þó ég hafi ekki verið mjög trúaður, og er það vart enn, þá las ég tvær bækur sem kristilega útgáfan Samhjálp gaf út á sínum tíma. Boðskapur þeirra greyptist í minni mínu. Þær hétu „Hlauptu drengur, hlauptu" og „Krossinn og hnífsblaðið." Öllum þessum áratugum síðar man ég enn eftir þessum bókum. Þær fjölluðu um einhverjar klíkur í hverfum New York þar sem einhverjir fóru að nota eiturlyf og þetta voru svo rosalegar lýsingar. Mér fannst þetta svo hræðilegt að lesa um að ég strengdi þess heim með sjálfum mér að ég ætlaði sko aldrei að nota dóp. Sennilega hafa þessar bækur bjargað lífi mínu því mér var margoft boðið að taka eiturlyf á Akranesi á þessum árum en afþakkaði. En ég drakk, og ég drakk mikið. Meira og oftar og lengur. Ég var bara í sterkum vínum. Brennivín fannst mér best. Ég þóttist aldrei vera neinn fíndrykkjumaður. Ég vissi alveg af hverju ég var að drekka. Það var til þess að verða fullur."

Kominn í þrot

Loks fékk Víðir nóg.

„Ég fór í meðferð fyrir 27 árum síðan. Það var 1992. Þá var ég ekki einu sinni búinn með stúdentspróf, 23 ára gamall. Ég var þá í reiðuleysi uppi á Akranesi, alltaf að detta úr skóla þrátt fyrir margar tilraunir með góðum fyrirheitum í upphafi annar sem enduðu allar á því að ég var hættur námi eftir nokkrar vikur. Ég var líka nánast dottinn úr allri vinnu. Þetta var allt út af drykkju. Ég fór hingað inn á Vog og síðan á Staðarfell í fjögurra vikna eftirmeðferð. Ég hef ekki snert áfengi síðan. Við það að hætta að drekka gjörbreyttist allt mitt líf. Sumir hafa komið að máli við mig síðar og sagt: „Þú varst nú ekki svo blautur, þú drakkst nú ekki svona mikið." Við því hef ég það svar að líf mitt byrjaði einfaldlega eftir að ég hætti að drekka. Þá fóru hlutirnir allt í einu að verða eðlilegir. Regla komst á líf mitt. Áður en ég fór í meðferð hafði ég vitað lengi að ég drykki of mikið. Þarna var staðan sú að ég var búinn að drekka mig úr starfi, var tekjulaus þó það væri einhvern veginn svo að ég átti alltaf nóg af áfengi og gat drukkið hvenær sem var. Eitt kvöldið áttaði ég mig á því að ég gæti ekki stoppað. Það fyllti mig skelfingu. Þrátt fyrir mína brotakenndu skólagöngu hafði ég ávallt alið með mér þann draum að verða læknir. Þarna sá ég bara fyrir mér að þetta væri allt að verða að engu. Ég ætti enga framtíð, yrði róni og myndi deyja sem einhver sem vildi mikið en aldrei varð neitt úr. Ég vildi hins vegar ekki enda með þessum hætti og tók því ákvörðun að hætta að drekka."

Nýtt umhverfi – nýtt upphaf

Hann sigldi suður með Akraborginni, leitaði sér lækninga og keypti sér aldrei far til baka aftur upp á Skaga.

„Ég skipti um umhverfi með því að flytjast á brott úr bænum. Fyrst bjó ég á áfangaheimili SÁÁ í Reykjavík og fór að vinna sem verkamaður. Þarna þegar ég kom úr meðferð þá reykti ég tvo pakka af sígarettum á dag. En ég var hættur að drekka og varð bara að fara og vinna fyrir mér og taka ábyrgð á eigin lífi. Ég var án menntunar, að verða 25 ára gamall. Mig langaði að ljúka stúdentsprófi og sá fyrir mér að fara í kvöldskóla og ná því samhliða vinnu. En það tekur tíma að ná jafnvægi og hreinlega getu til að fara í nám og gera aðra krefjandi hluti þegar maður er nýhættur í neyslu. Ég fór þannig ekki í nám fyrr en fjórum árum eftir að ég varð edrú," segir Víðir.

Hann náði áttum, vissi hvað hann vildi og stakk út stefnu eftir að hann var laus við áfengið. „Ég sótti í umönnunarstörf og fór að vinna á Kópavogshæli. Svo hætti ég að reykja en það hafði ég gert frá 11 ára aldri. Ég ætlaði að vinna tvo ár á hælinu og fara svo í skóla. Ég stóð við þetta. Ég var reyndar mjög heppinn. Kristinn

Víðir ásamt sonum sínum Knúti Karli og Ásgrími Daníel á skíðamóti í Þrándheimi í Noregi.

Hjartarson æskuvinur minn ofan af Akranesi hafði verið í Tækniskólanum og tekið stúdentinn þar. Hann sagði mér að nám þar til stúdentsprófs væri lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þarna eygði ég möguleika þó ég ætti engan rétt á að fara í Tækniskólann sem þá var einvörðungu fyrir fólk í iðnnámi. Ég fór og talaði við deildarstjóra þar og átti í farteskinu eitthvað af einingum úr fjölbraut á Akranesi. Deildarstjórinn tók þá ákvörðun að sveigja hjá reglunum og taka mig í nám. Þarna lauk ég stúdentsprófi á tveimur árum og var á námslánum. Þetta gekk mjög vel. Ég sannaði fyrir sjálfum mér að trú mín á að ég gæti lært var sönn. Þarna var ég kominn á flug," segir Víðir og dregur ekki dul á að hann er enn í dag þakklátur fyrir að stjórnendur Tækniskólans hafi gefið honum þetta tækifæri.

Læknanám í Danmörku

Nú fóru dyrnar að opnast fyrir alvöru fyrir þennan unga mann sem hafði yfirgefið æskuslóðirnar brotinn á sál og líkama 1992.

„Eftir stúdentsprófið starfaði ég meðal annars sem áfengisráðgjafi hjá Landsspítalanum. Svo fór ég í inntökupróf í læknadeildina í Háskóla Íslands. Ég náði því ekki þó það munaði litlu. Það voru teknir inn 40 nýnemar og ég hafði orðið númer 42. Eðvarð bróðir minn sem nú býr á Akranesi átti þá heima í Danmörku. Hann hvatti mig bara til að koma út til sín. Ég ákvað að sækja um læknanám þar í landi og komst inn í Syddansk Universitet í Óðinsvéum. Þetta var sex og hálfs árs nám. Þarna kom sér mjög vel að ég hafði alltaf verið mjög góður í dönsku og öðrum tungumálum í mínu brotakennda námi á Akranesi. Lesturinn á dönsku Andrésblöðunum úr bókabúðinni á Akranesi höfðu líka gert sitt," segir Víðir hlæjandi.

Árin í Danmörku urðu sjö. „Ég hafði kynnst barnsmóður minni hér á Íslandi. Við fórum bæði út til náms, hún í upplýsingafræði, menningu og miðlun, og við eignuðumst tvö börn Knút Karl 2003 og Ásgrím Daníel 2005. Mamma dó svo 2003, aðeins tíu dögum áður en Knútur fæddist."

Doktorsgráða í vor

Allt stóðst og Víðir lauk læknisnáminu 2006. Þá flutti fjölskyldan heim til Íslands og settist að á Akureyri.

„Þarna var ég búinn að taka þá ákvörðun að sérhæfa mig í geðlækningum. Mér bauðst kandídatsár fyrir norðan og svo fór ég að vinna þar á geðdeild í eitt og hálft ár. Lárus Karlsson geðlæknir þar sem hafði menntað sig í Noregi tók mig svo með sér á læknaráðstefnu í Þrándheimi í Noregi og sýndi mér staðinn. Þar sótti ég um að komast í sérfræðinám í geðlækningum og fékk inni. Við fluttum út rétt fyrir hrun 2008 og bjuggum fjögur ár í Þrándheimi. Ég lauk sérfræðináminu og hóf svo doktorsnám við Háskólann í Þrándheimi. Ég nú við það að ljúka við doktorsgráðuna, klára hana sennilega nú á vordögum."

Í Þrándheimi urðu þó breytingar. „Við konan mín skildum og öll fjölskyldan flutti til Íslands 2012. Ég gat haldið áfram með doktorsnámið hér á landi. Síðan var mér boðin yfirlæknisstaða á geðdeildinni á Akureyri. Ég hafði alltaf kunnað vel við mig þar. Þarna var gott starfsfólk sem hafði reynst mér vel og þarna var ég í þrjú ár sem yfirlæknir. Þetta var í raun fyrsta staðan mín sem geðlæknir því ég hafði jú verið í sérfræðinámi og svo námi til doktorsgráðu. Þessi ár fyrir norðan voru mjög fín en svo sá ég að staða geðlæknis var auglýst á Vogi. Þá sótti ég um hér og hef verið hérna síðan eða í tvö ár."

Sjá einnig leiðara bls. 12 og 14.

Sigrún Daníelsdóttir móðir Víðis með systkinum sínum. Aftari röð f. v.: Halldóra, Sigrún, Anna, Hrefna og Guðrún. Bræðurnir Margeir og Sigurður sitja fyrir framan systur sínar. Á myndina vantar Gróu en hún fluttist vestur um haf.

Mynd frá æskuárunum á Akranesi þar sem Víðir er með nokkrum vina sinna rétt upp úr 1980. Frá vinstri: Rúnar Þór Gunnarsson, Rafn Guðlaugsson, Víðir Sigrúnarson (kveikir sér í sígarettu) og síðan glittir í Kristinn Jóhann Hjartarson. Allir eru þeir virðulegir borgarar í dag.

VILTU AUGLÝSA Í BLAÐINU VESTURLAND?

Auglýsingasíminn er

578 1190

KAKALINN SNÝR AFTUR

Enginn íslenskur höfundur hefur skrifað um sjómenn, skip og hafið eins og Ásgeir Jakobsson (1919–1996). Nú á 100 ára ártíð Ásgeirs hefur Bókafélagið Ugla sent frá sér bók hans um Þórð kakala. Hún var fyrst gefin út 1988.

Þórður kakali Sighvatsson var einn mesti foringi og hetja á Sturlungaöld. Hann var stórbrotin persóna, viljafastur og mikill hermaður, en um leið mannlegur og vinsæll. Hann sameinaði hörku, vitsmuni og skipulagsgáfu.

Ásgeir Jakobsson rekur sögu Þórðar kakala eftir þeim sögubrotum sem til eru bókfest af honum. Hanbn bregður upp lifandi myndum af mannlífi og valdabaráttu á Sturlungaöld með og varpar meðal annars nýju ljósi á einu sjóorrustu Íslendinga, Flóabardaga. Hér birtum við stuttan kafla með korti úr bókinni þar sem sögusviðið er á Vesturlandi:



Kortið gerði Guðmundur Ó. Ingvarsson. Sjá nánar í bókinni.

Herleiðangur Kolbeins og hrakningar

Nú verður frá því að segja er vér gátum fyrr að Hjalti biskupsson kom á fund Kolbeins unga og segir honum slíkt er títt var um ferðir Þórðar og bað hann suðurreiðar.

Kolbeinn brást við skjótt og sendir þegar menn norður til Eyjafjarðar og þeir drógu lið saman um allar sveitir fyrir norðan Öxnadalsheiði. Aðra menn sendi hann vestur til Hrútafjarðar. Skyldu þeir krefja menn upp um hin vestri héruð og fjölmenna sem mest.

En er flokkar komu saman þá vildi Hjalti að flokknum væri stefnt suður um Kjöl og svo til móts við Þórð.

En Kolbeinn kvað vera mega að Þórður væri þá vestur um riðinn „áður vér komum suður og munum vér þá eigi ná þeim. Vil ég stefna hinar vestri heiðar og svo til Borgarfjarðar. Má svo síst bera í sundur fund vorn hvort er Þórður er suður eða vestur."

Hjalti kvað Sunnlendinga yfrið lengi þolað hafa þennan ófrið. Kolbeinn kvað þá vel mátt hafa hrundið af sér ef þeir hefðu karlmennsku til, svo að þeir þyrftu eigi annarra manna liðveislu. Norðlendingar allir báðu Hjalta ills, kváðu þetta allt af honum hljótast.

Kolbeinn reið þá með allan flokk sinn vestur til Mið-fjarðar og þaðan suður um Tvídægru. En er þeir fóru upp úr Gnúpsdal lét Kolbeinn telja lið sitt og var vel sex hundruð manna. Kolbeinn kveðst þá ærið lið hafa ef gifta félli.

Svo var veðri farið er þeir riðu á heiðina að um morguninn var krapadrífa og vindur lítill og urðu menn alvotir. En er leið á daginn tók að frysta. Hljóp þá veðrið í norður. Gerðist þá hríð svo grimm sakir myrkurs og frosts að sjaldan verða þvílíkar. Leið eigi langt áður þeir vissu eigi hvar þeir fóru. Dróst þá liðið mjög af kulda. Bað Kolbeinn menn þá stíga af baki „og taki menn glímur stórar og viti ef mönnum hitnar við það".

Urðu þar svo miklir hrakningar að margir menn týndu vopnum sínum og fengu eigi á haldið fyrir kulda. Gengu þá þegar nokkrir menn til heljar en margir meiddust til örkumla. Tók þá heldur að birta veðrið. Kenndust þeir þá við, að þeir voru komnir á vatn það er Hólmavatn heitir. Hóf þá hver annan á bak. Fóru þeir þá þar til er þeir komu á Gilsbakka nokkru fyrir dag. Var Kolbeinn þar um nóttina. En um daginn eftir reið hann ofan í Reykholt með allan flokkinn. En það af liðinu er eigi var fært lá eftir í Síðunni.

Þórður bjargast nauðuglega

Þegar Þórður kom ofan í Reykjardal í Borgarfirði fór Þórður Bjarnason til móts við hann og sagði honum að Kolbeinn væri kominn með fjölmenni og sæti í Reykholti.

Þórður reið ofan eftir Reykjardal til Lundar, þar sem maður að nafni Ari bjó. Þegar allir menn hans voru þar saman komnir „leitaði hann ráðs til hinna betri manna, hvað upp skyldi taka".

Nú kemur það fram sem oftari hjá Þórði, og hefur það ef til vill ráðið mestu um örlög hans sem herstjórnarmanns, að hann kannar jafnan bardagahug manna sinna. Hann er fáliðaður og veit, að honum tjóar ekki að leggja til orrustu við margfaldan liðsmun með menn, sem ekki vilja berjast. Nú var ekki við foringjalausa bændur að eiga, heldur sjálfan Kolbein unga með einhuga lið að baki sér. Það voru ekki nema um sextíu menn, sem Þórður gat örugglega treyst til að berjast með sér við ofurefli. Annar hluti liðsins, þessara tvöhundruð manna, sem hann hafði með harðfylgi náð saman til suðurreiðarinnar, var ekki fastur í fylginu við hann ennþá, margur nauðugur á ferð með honum, samanber liðsafnað Ásbjarnar Guðmundarsonar á Ströndum, sem áður segir frá. Þá voru og í Skálholti menn Þórðar óþreyttir, en nú þreyttir af langri reið og vansvefta. Enda fór svo, að:



Lagði þá næsta sitt hver til. Eggjuðu þeir er áræðamestir voru að ríða skyldi að þeim í Reykholt, kölluðu þar marga mundu vera lítt til færa að verjast fyrir kulda sakir. En allir hinir vitrari menn sögðu það óráð, að svo fáir menn riðu að þar sem slíkt fjölmenni væri fyrir, sögðu þá allskörulega riðið þó að hann riði vestur um svo að hann ætti ekki við þá. Var það ráðs tekið.

Þórður reið ofan eftir dal. Hann kom ekki við í Bæ hjá Böðvari frænda sínum Þórðarsyni. Þeir voru systkina-synir Sighvatur, faðir Þórðar og Böðvar. Trúlega hefur Þórður ekki treyst Böðvari, þar sem kona hans var Herdís Arnórsdóttir, systir Kolbeins. Þórður hefur haldið Böðvar eða Herdísi gera Kolbein varan við för sína.

Hann hefði þó betur litið við í Bæ, þá hefði honum orðið léttari vesturreiðin.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, og öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.
Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2019. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafn). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39,101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

VILTU AUGLÝSA Í BLAÐINU VESTURLAND?

Auglýsingasíminn er 578 1190

Actavis

Er maginn í steik?

Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Magasýruþolin hörð hylki ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábít). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

Actavis 910190-1

Höf: Inga Sæland alþingismaður og formaður Flokks fólksins.

Aðsend grein:

Fíknin: Vakning og vilji er það sem þarf

Tíunda hvern dag fellur Íslendingur fyrir eigin hendi, oft má tengja það fíkn. Tíunda hvern dag deyr Íslendingur af völdum lyfjaeitrunar af ýmsum toga. Flest þó af völdum hinna svo kölluðu ópíóða. Einstaklingarnir blanda saman alls konar efnum sem að lokum leiða þá til dauða.

Nýjustu upplýsingar frá landlæknisembættinu undirstrika alvöru málsins. Í ágúst var embættið þegar með til rannsóknar tæplega 40 dauðsföll vegna mögulegrar lyfjaeitrunar. Tíu þeirra voru á aldrinum 20 – 30 ára.

Stöðugar fregnir af því þegar fólk er tekið með risasendingar af stórhættulegum eiturlyfjum sem það er að smygla til landsins, ættu að skelfa fleiri en mig. Það sem af er árinu hafa tugir kílóa af amfetamíni og kókaíni verið gerð upptæk, auk mikils af ólöglegum lyfseðilsskildum ópíóðum. Foreldrar margir eru skelfingu lostnir og vita ekki hvernig þeir eiga að vernda börnin sín. Ástvinir þeirra sem hafa ánetjast þessum efnum, lifa hvern dag í stöðugri sektarkennd og angist. Foreldrar þeirra sem fallnir eru fyrir fíknsjúkdómnum spyrja stöðugt: Er þetta mér að kenna, hvað gerði ég rangt?

Er furða þótt ég sem fulltrúi í fjárlaganefnd geti engan vegið áttað mig á því hvers vegna ríkisstjórnin vill skera niður fjármagn til lögreglunnar um tæpan hálfan milljarð króna í fjárlögum fyrir 2020 ? Hér er verið að höggva þar sem hlífa skyldi.

Ábyrgðin er stjórnvalda

Þessa dagana verðu mér oft hugsað til ráðherra ríkisstjórnarinnar. Þau bera ábyrgð á ástandinu. Þróun fíkniefnafaraldursins er öll á þeirra vakt.

Hvar eru forvarnirnar, hæstvirtur heilbrigðisráðherra? Hvar er löggæslan, hæstvirtur dómsmálaráðherra? Hvar er félagslegi stuðningurinn, hæstvirtur félags- og barnamálaráðherra? Hvernig forgangsraðar þú fjármunum í þágu þjóðar þinnar, hæstvirtur fjármálaráðherra? Hversu lengi á fólkið að bíða eftir því að ríkisstjórnin skeri upp herör gegn fíkniefnafaraldrinum, hæstvirtur forsætisráðherra ? Hvar eru menntunartækifæri unga fólksins okkar þegar þau koma út í samfélagið eftir að hafa leitað sér hjálpar vegna fíknar, hæstvirtur menntamálaráðherra?

Mér líður virkilega illa að vera einn af þjóðkjörnum fulltrúum og þurfa að horfa upp á þessa vá án þess að geta virkilega barið í borðið og tekið á málunum eins og skot. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Tökum saman höndum

Ég lýsi eftir þjóðarátaki í baráttunni gegn fíkniefnafaraldrinum. Þar þarf samræmt átak margra ráðuneyta, ríkisstjórnar, alþingis, sveitastjórna og allrar þjóðarinnar. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn að viðurkenna staðreyndir, tölurnar ljúga ekki.

Við vitum um dauðsföllin, við vitum um flóð fíkniefna til landsins. Við vitum að sem sameinuð þjóð þá getum við brotið þessa óheillaþróun á bak aftur. Vakning og vilji er það sem þarf.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Fagleg og heildstæð
Þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu
og brotamálminum þínum með umhverfisvænum hætti

MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Við kaupum brotamálm

Millberry Kopar/Eir	ISK 400 á kg.
Brotajárn	ISK 4 á kg.
Kopar/Eir	ISK 380 á kg.
Brass/Messing	ISK 260 á kg.
Brons	ISK 280 á kg.
Kaplar	ISK 45 á kg.
Ryðfritt stál	ISK 70 á kg.
Ál	ISK 65 á kg.
Blý	ISK 80 á kg.
Zink	ISK 50 á kg.
Brotamálmur þungur í bræðslu	ISK 4 á kg.
Rafmótorar	ISK 35 á kg.
Offset prentplötur úr áli	ISK 80 á kg.
Tungsten	ISK 400 á kg.
Brotastál	ISK 5 á kg.
Stálstrengir	ISK 7 á kg.
Spennubreytar	ISK 35 á kg.
Hvarfakútar	Leitið tilboða

MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819
info@malma.is www.malma.is

Ógnvænleg þróun í vímuefnamálum þjóðarinnar

Með endurkomu á Vog, en nú sem geðlæknir sjúkrahússins, þá er Víðir Sigrúnarson á vissan hátt á einum aldarfjórðungi búinn að fara heilan hring frá því hann kom þar fyrst. Margt hefur breyst. Bæði hann sjálfur og allar aðstæður í vímuefnameðferðinni, en heldur ekki síst það mesta sem snýr að sjálfum vímuefnunum.

„Með vímuefnin er það svo að þess meira sem framboðið er, því lægra verður verðið og notkunin eykst. Stöðugt yngra fólk er að nota alvarlegri vímugjafa. Þetta er stóra breytingin sem ég verð var við. Reglan er sú að þess yngra sem fólk byrjar að nota áfengi eða vímuefni, þess meiri hættan er á að þróa fíkn. Um 80 prósent þeirra sem koma hingað hafa byrjað í neyslu um fermingu eða fyrr."

Víðir segir að ástandið í þessum málum núna sé grafalvarlegt. „Biðlistarnir hjá okkur eru alltaf að lengjast. Nú bíða á bilinu 700 til 800 manns eftir því að komast í meðferð á Vogi. Flestir sem koma hingað eru fólk sem er mjög alvarlega veikt og þarf hjálp. Við erum að sjá sprengingu í sprautunotkun, sprengingu í kókaínneyslu, sprengingu í notkun á alvarlegum og lífshættulegum efnum á borð við ópíóða. Það kemur mér líka alltaf jafn mikið á óvart að sjá hvað er mikið af fólki með alvarlega drykkjusýki, jafnvel kornungar manneskjur sem eru í dagdrykkju."

Faraldur kókaíns

Kókaínið er mikil ógn núna. Tölur um haldlagningu á smygli sýna að það flæðir inn í landið sem aldrei fyrr með skelfilegum afleiðingum.

„Ég get nefnt dæmi um 25 ára gamlan mann sem kemur hingað. Hann hefur kannski drukkið mikið um helgar, en haldið vinnunni og kannski ekkert sem segði honum að hann ætti við vanda að stríða. En svo fer hann að nota kókaín með þessari neyslu. Þá verður stjórnleysið algert því kókaín er mjög ávanabindandi. Menn bakka ekkert út úr slíkum fíknsjúkdómi af sjálfsdáðum. Neyslan verður mikil og fólk getur ekki stoppað. Svo hrynur allt í kringum svona fólk og það kemur í meðferð. Þessi hópur er að stækka. Ungmennadeildin hjá okkur er búin að vera full ansi lengi. Það eru krakkar sem flest hafa notað kókaín ásamt öðru. Sum hafa notað það sem aðalefni. Fólk er að taka þetta í nefið, sprauta sig með þessu og reykja þetta. Kókaínið er út um allt. Það er stóra breytingin. Áður fyrr höfðu krakkar engan aðgang að þessu efni, þetta var dóp fyrir hina „fínu" og efnameiri. Ef yngsta fólkið fékk kókaín þá var það bara lélegt efni. Nú er kókaínið í „betri" gæðum og mjög auðvelt að nálgast það til dæmis með því að nota netið og farsímana. Við erum jafnvel að sjá krakka sem sprauta sig með þessu og öðrum efnum. Slíkt var óþekkt hér áður fyrr. Annað með kókaínið er að það er ekki lengur þannig að það séu fáir seljendur og síðan margir sem nota það. Í dag eru allir bæði að nota og selja öðrum. Þessi markaður er mjög kvikur."

Víðir Sigrúnarson geðlækir á skrifstofu sinni á sjúkrahúsinu Vogi.

Alkóhól og kannabis

Kannabisneyslan er sömuleiðis mjög útbreidd enda efnið ræktað hér á landi, oftast í stórum stíl.

„Það er nú komið í rafretturnar eða veipið eins og það er kallað. Leiðin úr venjulegri tóbaksneyslu með veipi yfir í kannabis er mjög stutt því það er svo auðvelt að nota kannabisolíur í þessum tólum. Kannabisið sem er notað í dag er líka mun sterkara en var áður. Sú neysla þróast mjög fljótt yfir í að verða dagleg. Nú höfum við krakka sem eru enn að taka út þroska, með miðtaugakerfi sem enn er að stækka, sem eru að setja mjög sterk boðefni inn í þetta taugakerfi í mótun með daglegri kannabisneyslu. Þetta hefur mikil skaðleg áhrif á þau."

Þrátt fyrir öll þessi efni: amfetamín, kókaín, ópíóða og önnur lyf og kannabis, þá er sjálft áfengisvandamálið enn til staðar. „Hingað á Vog kemur enn fólk sem hefur nánast einvörðungu verið í áfengisneyslu," segir Víðir og bætir við að það sé þó vart skárra. „Við skulum hafa í huga að alkóhól er mjög ávanabindani og hættulegt efni. Amerísku læknasamtökin gera árlega lista yfir hættulegustu vímuefnin og þar er áfengið alltaf í fyrsta sæti. Áfengi er gríðarlega taugaskemmandi efni. Ekkert efni hefur jafn alvarlegar líkamlegar afleiðingar og það. Við erum að tala um heila, taugakerfi, hjarta, önnur innri líffæri og vöðva, aukna hættu á krabbameini og áfram mætti telja. Alkóhól er ótrúlega hættulegt efni."

Allir eiga möguleika á bata

Þrátt fyrir slæmt og síversnandi ástand í vímuefnamálum þjóðarinnar þá leggur Víðir áherslu á að allir eigi möguleika á bata.

„Batahorfur fara þó alltaf eftir því á hve alvarlegu stigi sjúkdómurinn er. Fíknsjúkdómurinn er eins og aðrir sjúkdómar. Tilfellin eru misalvarleg. Endurkomutölur sýna að meðferðin virkar. Eftir fyrstu meðferð eru margir sem koma ekki aftur. Eftir tvær meðferðir á enn færra hlutfall endurkomu og svo koll af kolli. Það er eðlilegt að fólk þurfi að leita sér meðferðar oftar en einu sinni vegna þess að þetta er langvinnur krónískur sjúkdómur sem hefur í för með sér heilabreytingar. Það er mikil hætta á bakslagi fyrstu vikurnar og mánuðina eftir að fólk hættir í neyslu en svo fellur hættan eftir það."

Aðgengi skiptir máli

Vandinn er margbrotinn og flókinn. Þegar Víðir er spurður hvað sé til ráða þá ræðir hann fyrst og fremst það sem snýr að honum og samstarfsfólki hans í heilbrigðisgeiranum.

„Til að veita betri þjónustu þarf pláss fyrir sjúklingana en líka starfsfólk. Til að vinna bug á biðlistum þarf úrbætur í hvoru tveggja. Eins og ég hef sagt: Fíknvandinn er að aukast í samfélaginu, framboð á öllum fíkniefnum er að aukast. Við vitum að þetta eykur neysluna. Þessi vandi hverfur ekkert."

Víðir nefnir líka að umræðuna, meðal annars hjá stjórnmálamönnum, um að auka aðgengi að áfengi og leyfa neysluskammta af kannabisi. Hann er ekki í vafa um að þetta muni hvoru tveggja leiða til aukins fíknsjúkdómavanda í samfélaginu. „Mér finnst oft gleymast í þessari umræðu að við erum að íhuga að leyfa eitthvað sem veldur því að okkar viðkvæmasti hópur verður fyrir skaða. Það eru börnin og unglingarnir okkar. Þegar búið verður að leyfa neysluskammta á kannabis og hér verða komnir staðir fyrir slíkt út um borg og stræti þá verða þau yngstu ginkeypt fyrir slíku. Við vitum líka svo dæmi sé tekið að unglingadrykkja jókst í Danmörku eftir að leyft var að selja áfengi þar í matvöruverslunum. Aukin unglingadrykkja þýðir einfaldlega það að fleiri fá fíknvanda. Fleiri fjölskyldur þjást. Fleiri líf tapast," segir Víðir Sigrúnarson að lokum.



Það er alltaf rétti tíminn að eignast vandaðan heitan pott á hagstæðu verði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 30 ÁR

NormX hitaveitupottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við seljum lok á alla okkar potta.

Snorralaug · Gvendarlaug · Grettislaug · Unnarlaug · Geirslaug

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

MARÁS

Allt fyrir nýsmíðina

YANMAR aðalvél
YANMAR hjálparvél
REINTJES niðurfærslugír
BERG skiptiskrúfa
STAMFORD ásrafali
SCANTROL autotroll
NORSAP skipstjórastólar

BJÖRG EA 7

YANMAR aðalvél
MEKANORD niðurfærslugír
VULKAN ástengi
KORSØR skiptiskrúfa
SLEIPNER bógskrúfa
SEAMECH vélstýring
NORIS viðvörunarkerfi

HAFBORG EA 152

YANMAR aðalvél
ZF niðurfærslugír
ZF stjórntæki
SIMRAD sjálfstýring
CENTA ástengi
SIDE-POWER hliðarskrúfur
8" hljóðkútur
EUROPAFILTER smursía
SEPAR forsíur
PRESTOLITE alternator
TEIGNBRIDGE skrúfa
LASDROP öxulþétti
POLY FLEX vélapúðar
FLOSCAN eyðslumælir

SANDFELL SU 75

YANMAR

Aðalvélar í skip og báta

SIDE-POWER

Hliðarskrúfur

ZF



Stjórntæki og gírar

TOIMIL MARINE

Löndunarkranar

KOHLER. IN POWER. SINCE 1920.

Rafstöðvar og ljósavélar

Poly Flex

Mótorpúðar fyrir flestar vélar

Sjókopar - sjóinntök - sjósíur - lokar -zink

ROLLWAY

Allar gerðir af legum

Prestolite electric

Alternatorar og DC rafalar

rule

12V og 24V lensidælur

TEIGNBRIDGE

Skrúfur

Marás ehf.
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
Sími: 555 6444 - Fax: 565 7230
www.maras.is - postur@maras.is

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta
Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað

VESTURLAND

7. tölublað
8. árgangur

Auglýsingar: Sími 578 1190 og amundi@fotspor.is **Ritstjórn:** Sími 864 5585 og magnushafsteins@simnet.is

UMFÍ 50+ í Hólminum

Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Stykkishólmi árið 2021. Tilkynning um þetta er birt á heimasíðu bæjarfélagsins. Þar segir:

Þetta mót er blanda af íþróttum, alls kyns keppnum og hreyfingu með það að markmiði að fá fólk á besta aldri til að hafa gaman saman. Mótið hefur farið fram árlega síðan 2011 og er öllum opið sem verða 50 ára á árinu og eldri. Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í íþróttafélag og geta allir tekið þátt á sínum forsendum.

Næsta sumar fer mótið fram í Borganesi og því munu Hólmarar og aðildafélög HSH fjölmenna þangað bæði til að taka þátt og öðlast þekkingu á umfangi mótsins til undirbúnings fyrir mótið 2021.

Landsmót UMFÍ 50+ skiptir máli fyrir fólk sem hefur bæði gaman af því að hreyfa sig og hitta aðra. Þangað kemur t.d. fólk sem hefur ekki stundað íþróttir síðan í æsku og rifjar upp hvað það var og er gaman að stunda íþróttir og hreyfa sig með öðrum. Einnig er þar tækifæri fyrir þá sem aldrei kepptu á mótum að láta gamlan draum rætast og skapa í leiðinni góðar minningar. Landsmót UMFÍ 50+ hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið getur skilið eftir sig uppbyggingu og þekkingu á svæðinu. Mótið er einnig tækifæri til að vekja athygli á lýðheilsu og þeim möguleikum sem í boði eru til að efla lýðheilsu. Gera má ráð fyrir allt að þúsund þátttakendum frá öllu landinu ásamt fylgdarliði.

Stykkishólmur er fallegur bær.

VILTU AUGLÝSA Í BLAÐINU VESTURLAND? Auglýsingasíminn er 578 1190